



Reykjavíkurborg
Endurskoðunarnefnd

Málsnr: 216010162
Skjalasafn Ráðhúss

11. apríl 2016

Brefalykill: 1212

Reykjavík 11. apríl 2016
IE14010018

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Erindi: Um ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015

Samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að nefndin hafi eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftirlit með ytri og innri endurskoðun og fari auk þess yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin hefur í samræmi við það fengið kynningu Fjármálaskrifstofu á handriti að ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 sem dagsett er 31.3.2016 og fullbúinn ársreikningur barst nefndinni 8. apríl.

Fyrirhugað er að leggja ársreikning Reykjavíkurborgar fram í borgarráði 14. apríl 2016 í samræmi við ákvæði í 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Með hliðsjón af því bókaði endurskoðunarnefndin eftirfarandi:

Nefndin hefur í samræmi við hlutverk sitt átt fundi með stjórnendum Fjármálaskrifstofu, ytri og innri endurskoðendum, formanni borgarráðs og fleiri aðilum. Mál, sem varða reikningsskil Reykjavíkurborgar og B-hluta félaga og komu til umfjöllunar í nefndinni, verða til umfjöllunar í ársskýrslu nefndarinnar.

Ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar hafa upplýst nefndina um að áritun þeirra á ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015 verði fyrirvaralaus.

Markmið reikningsskila er að veita lesendum þeirra glögga mynd og telur endurskoðunarnefndin að jafnan verði að hafa í huga að lesendur reikningsskila Reykjavíkurborgar sé hinn almenni borgari en ekki eingöngu fagfjárfestar með sérþekkingu á reikningsskilum. Í ársreikningi Reykjavíkurborgar 2015 hefur sérstök einskiptis gjaldfærsla á hækkun lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 6,5 ma. kr., vegna breyttrar forsendu um dánartíðni, veruleg áhrif á rekstur ársins. Nefndin telur það gefa gleggri mynd af rekstri ársins fyrir hinn almenna lesanda að sérgreina þessa gjaldfærslu í rekstrarreikningi 2015 og leggur til að borgarráð feli Fjármálaskrifstofu að kanna hvort rétt sé að taka tillit til þess við endanlega afgreiðslu ársreikningsins.

Endurskoðunarnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli ofangreinds að ekkert bendi til annars en að ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015, sem verður lagður fram á fundi borgarráðs þann 14. apríl nk., teljist fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Ólafur Kristinsson, formaður nefndarinnar